

## **STEF, SFH, RSÍ, SÍK, MYNDSTEF og FJÖLÍS**

### **Lifað af listinni**

Ritari: Harpa Fönn Sigurjónsdóttir

Vefur: <https://www.facebook.com/profile.php?id=1555687878073330>

Guðrún Björk Bjarnadóttir, stjórnaði fundi, og hóf fundinn á að kynna aðdragana þessa fundar, sem er fundur sem haldinn var í lönó í mars s.l. með sömu yfirskrift. Tilgangur þessara viðræðna er að fá innsýn inn í líf listamanna, og hvernig þeir lifa af listinni og hvernig höfundarétturinn hefur áhrif á störf þeirra, tekjur, réttindi og skyldur.

Gunnar og Felix tóku svo við sviðsljósinu þar sem þeir fóru orðum um harkið sem fylgir listinni og tóku lagstúf, þar sem textinn tók á því að enginn borgar höfundinum. Þeir lýstu spaugilegum eða raunverulegum aðstæðum sem við könnumst öll við - að poppa popp og dánlóda einni mynd, að sýna verk í skólum út um allt, að vista greinar og bækur á snjallsímana sína... - "Getur þetta verið - er það alveg satt!? - já, ég get svo svarið, alveg hreina satt." Því næst tóku hinir ýmsu listamenn við keflinu, og lýstu því hvernig þeir lifi af listinni og hver séu þeirra forgangsmál þegar kemur að höfundarétti.

Sigtryggur Baldursson lýsti því hversu viðamikill ferill hans hefur verið, allt til að reyna að vera sem sýnilegastur og reyna að lifa af listinni. - "Ef maður ætlar að lifa af tónlistinni á Íslandi, þá þarftu að jöggla nokkrum boltum". Sigtryggur nefndi að það þarf að hlúa sérstaklega að höfundaréttinum í dag, og það þarf endalaust að leita nýrra leiða til tekjuöflunar. Hann nefndi að stuðningskerfið á Íslandi sé að breytast og sé orðið víðtækara - tónlistarmenn eru farnir að vinna meira þverfaglega og leita erlendis. Sigtryggur nefndi svo að lokum að hann hafi aldrei séð eins mikla grósku í íslenskri tónlist.

Ólöf Nordal myndlistarmaður tók næst til orða. Það er greinilegt á lýsingu Ólafar að umhverfið í myndlist horfir mun svartara við en í tónlistinni. Hún nefndi að það væri mjög erfitt að fá peninga út úr myndlistinni, það séu fáir sem lifa af henni, og í raun sé það ómögulegt. Listamannalaunin séu í raun eina lifibrauðið. Útflutningur í myndlist sé varla til á Íslandi, nema í gegnum galleríin. Hún nefnir svo í lokin að það sé kraftaverki líkast að myndlistarmenn geti lifað af listinni.

Næst tók til máls Kristín Helga Gunnarsdóttir, rithöfundur. Hún nefndi að það væri um 60 atvinnurithöfundar á Íslandi, og af þeim væru 5 höfundar sem næðu að lifa af listinni án stuðnings og einungis af sölu verka sinna. Kristín vill meina að hlutverk listamanna sé mjög gjöfult, og sé miklu víðtækari en verðmiðinn á listaverkinu. Að hennar mati er starf listamanna framleiðsla á burðarbitum á manneskjulegri tilvist. Hún segir að það verði að vera öflugri launasjóðir - rétt eins og við borgum grunnskólakennurunum og öðrum opinberum starfsmönnum. Kristín lauk máli sínu á því að ítreka það að höfundarétturinn væri grundvallarforsenda listamanna. Þetta væri eignaréttur, stjórnarskrárvarinn, og eina sem hefur breyst eru leiðirnar sem verkum er dreift.